

## **Borholur í Kaldrananeshreppi (4902) á Ströndum**



**Haukur Jóhannesson**

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/014

Maí 2011

## Inngangur

Í þessari greinargerð er staðsetningar og myndir af borholum í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Í hreppnum eru 42 borholur skráðar. Upplýsingar um borholur á Drangnesi er lýst í tveimur greinargerðum eftir Hauk Jóhannesson (2010 og 2011) og eru þær felldar inn í greinargerðina og bætt við. Upplýsingar um holurnar eru í 1. töflu og staðsetningar sýndar myndrænt á myndum 45 til 52.

1. tafla. Staðsetning og aðrar upplýsingar um borholur í Kaldrananeshreppi á Ströndum.

Staðarnúmer	Holu-númer	Lögbýli	Dýpi í m	Ár	N-hnit	V-hnit
40501	KL-01	Kleifar í Kaldbaksvík	≈73-74	2007	65° 52.275	21° 18.659
40521	RV-01	Reykjarvík	?	2007	65° 46.972	21° 23.540
40522	RV-02	Reykjarvík	?	2007	65° 46.841	21° 23.830
40601	AN-01	Ásmundarnes	218,5	1987	65° 46.394	21° 27.460
40621	KL-01	Klúka	124	1965	65° 46.877	21° 31.206
40622	KL-02	Klúka	15	1965	65° 46.875	21° 31.217
40623	KL-03	Klúka	28	1965	65° 46.876	21° 31.210
40624	KL-04	Klúka	129	1965	65°46.902	21° 31.221
40625	KL-05	Klúka	75	1987	65° 46.848	21° 31.330
40626	KL-06	Klúka	313	2008	65° 46.870	21° 31.259
40631	SH-01	Svanshóll	68	1965	65° 46.828	21° 32.508
40591	BB-01	Bakki	120	2009	65° 46.399	21° 31.604
40691	KN-01	Kaldrananes	10		65° 46.110	21° 24.128
40692	KN-02	Kaldrananes	256	2008	65° 45.733	21° 24.396
40611	HV-01	Hafnarhólmur	101	1965	65° 41.927	21° 33.582
40671	RV-01	Hveravík	312,5	2008	65° 42.016	21° 33.656
40676	RVK-01	Hveravík	123	2009	65° 42.062	21° 33.761

40641	LV-01	Kleifar Selströnd	á 75	1995	65° 42.041	21° 35.499
40642	LV-02	Kleifar Selströnd	á 150	2002	65° 42.038	21° 35.453
40681	HE-01	Hella	45	1997	65° 42.574	21° 36.119
40682	HE-02	Hella	54	1998	65° 42.846	21° 36.727
40683	HE-03	Hella	50	2007	65° 42.589	21° 36.187
40651	DN-01	Drangsnes	104,7	1996	65° 41.342	21° 26.694
40652	DN-02	Drangsnes	22,6	1996	65° 41.257	21° 26.647
40653	DN-03	Drangsnes	54	1997	65° 41.380	21° 28.322
40654	DN-04	Drangsnes	54	1997	65° 41.267	21° 27.110
40655	DN-05	Drangsnes	54	1997	65° 41.448	21° 25.954
40656	DN-06	Drangsnes	54	1997	65° 41.278	21° 27.477
40657	DN-07	Drangsnes	134	1997	65° 41.305	21° 26.835
40658	DN-08	Drangsnes	54	1997	65° 41.293	21° 26.895
40659	DN-09	Drangsnes	43	1997	65° 41.370	21° 28.287
40660	DN-10	Drangsnes	42	1997	65° 41.356	21° 28.283
40661	DN-11	Drangsnes	45	1997	65° 41.331	21° 26.832
40662	DN-12	Drangsnes	45	1997	65° 41.330	21° 26.863
40663	DN-13	Drangsnes	54	1997	65° 41.327	21° 26.871
40664	DN-14	Drangsnes	51	1998	65° 41.429	21° 26.749
40665	DN-15	Drangsnes	51	1998	65° 41.454	21° 26.648
40666	DN-16	Drangsnes	276	1998	65° 41.298	21° 26.860
40667	DN-17	Drangsnes	15	1998	65° 41.298	21° 26.860
40668	DN-18	Drangsnes	54	1998	65° 41.457	21° 26.635
40669	DN-19	Drangsnes	52	2011	65° 41.561	21° 26.451

40670	DN-20	Drangsnes	20	2011	65°41.555	21°26.456
-------	-------	-----------	----	------	-----------	-----------

## KL-01 - Kleifar í Kaldbaksvík

Borholan er í landi Kleifa í Kaldbaksvík. Hún er við sumarhús í tanga sem gengur austur frá árósum. Sumarhúsið nefnist Svansbúð og er holan hægra megin við heimreiðina (1. mynd). Sjór kom í holuna í borun og þá var hætt. Holan mun vera um 73-74 metrar á dýpt og í henni er 6 m fóðurrör sem er 6“ að sverleika. Holan er opin.



*1. mynd. Borhola KL-01 á Kleifum í Kaldbaksvík. Húsið í baksýn er Svansbúð.*

## RV-01 - Reykjarvík

Kaldvatnsborhola sem er boruð ofan við veginn upp af klettahöfða sem er út og upp af bænum Reykjarvík. Holan er í vegskeringunni (2. mynd). Í holunni er 6“ fódurrör. Holan er opin en settur hefur verið steinn fyrir opið. Ekkert er frekar vitað um þessa borholu.



2. mynd. Borhola RV-01 í Reykjarvík. Bæinn ber við sjóinn.

## RV-02 - Reykjarvík

Heitavatnshola sem er í túninu skammt utan við Reykjarvíkurbæinn. Búið er að reisa skúr yfir hana. Heitt vatn, 20°C, streymir úr röri niður í fjöru. Búið er að leggja heim í hús og er það hitað upp með vatninu (3. og 4. mynd). Í holunni er 6“ fódurrör. Ekkert er frekar vitað um þessa borholu.



*3. mynd. Borhola RV-02 í Reykjarvík.*



*4. mynd. Borhola RV-02 í Reykjarvík.*



## AN-01 - Ásmundarnes


Heitavatnsborhola í Ásmundarnesi. Holan er skammt vestan við íbúðarhúsið og ofan þjóðveggar (5. mynd). Tunna hefur verið sett utan um hana. Húsið í Ásmundarnesi er hitað upp með vatni úr holunni sem er líðlega 30°C heitt.



5. mynd. Borhola AN-01 á Ásmundarnesi.

## KL-01 - Klúka


Fyrsta holan sem boruð var á Klúku. Hún er í hallinum austan megin við Laugarlækinn og skammt ofan við veginn milli skólans og sundlaugarinnar (6. mynd). Stálrör liggur frá holunni en hún er þó ekkert notuð.



6. mynd. Borhola KL-01 á Klúku. Sundlaugin er til vinstri.

## KL-02 - Klúka

Holan er vestan við Laugarlækinn og ofan sama vegar og KL-01. Hóla þessi er horfin en mun hafa verið mjög nærri þeim stað sem mældur var (7. mynd).



7. mynd. Hóla KL-02 á Klúku var nærri þeim stað sem gula bókin er. Skólahúsið í baksýn.

### ***Klúka KL-03***

Hola KL-03 er á milli holna KL-01 og KL-02 og er austan við ræsið undir veginn. Hún sést ekki nú (8. mynd).



*8. mynd. Hola KL-03 á Klúku var þar sem gula bókin liggur. Skólahúsið í baksýn.*

## KL-04 - Klúka

Hola KL-04 er skammt ofan og innan við Gvendarlaug, þ.e. gömlu hlöðnu laugina. Þetta er upp með og vestan við Laugarlækinn (9. mynd). Hola þessi er enn nýtt til upphitunar á Klúkubænum sem stendur nú upp og utan við skólann.



9. mynd. Hola KL-04 á Klúku.

## KL-05 - Klúka

Hola KL-05 er innan og neðan við innra hornið á Kotbýli kuklarans. Búið er að tyrfa yfir holuna (10. mynd).



*10. mynd. Hola KL-05 á Klúku. Kotbýli kuklarans er handan við holuna.*

## KL-06 - Klúka

Þessi hola er boruð í vegslóðann innan og ofan við búningsklefa sundlaugarinnar á Klúku (11. mynd). Þetta er skáhola með 10° halla og í henni er mikið vatn. Hún er nýtt til að hita upp skólahúsið og einnig búningsklefana við sundlaugina.



*11. mynd. Borhola KL-06 á Klúku. Skólahúsið í baksýn.*

## SH-01 - Svanshóll

Holan er ofarlega í holti fyrir innan og ofan Svanshól og er skúr yfir henni (12. mynd). Hún er nýtt til upphitunar á öllum húsum á Svanshóli. Holan er farin að láta á sjá.



*12. mynd. Borhola SH-01 á Svanshóli.*



## BB-01 - Bakki

Holan er boruð á örlytlu klettaholti vestur af húsinu Pöntun í landi Bakka (13. mynd). Hún er skammt austan Þjóðvegjar. Þetta er skáhola með 10° halla. Úr holunni kemur töluvert magn af 30°C heitu vatni sem er notað til upphitunar á húsinu Pöntun. Varmadæla er notuð til að lyfta hitastiginu svo hægt sé að nota það ofnakerfi sem fyrir var í húsinu.



13. mynd. Borhola BB-01 á Bakka. Húsið Pöntun í baksýn.

## KN-01 - Kaldrananes

Þetta er lítil borhola sem boruð var með skotholubor. Upp úr henni vætlar heitt vatn. Holan er skammt neðan og austan við ytra hornið á gamla frystihúsinu á Kaldrananesi (14. mynd). Annars er lítið vitað um þessa holu.



*14. mynd. Hola KN-01 á Kaldrananesi.*

## KN-02 - Kaldrananes


Holan er rétt neðan við nyrðra íbúðarhúsið á Kaldrananesi (15. mynd). Holan var boruð með 10° halla og úr henni kemur um 30°C heitt vatn sem notað er til upphitunar á öðru íbúðarhúsinu á Kaldrananesi með því að leiða það inn í ofnakerfi sem fyrir var í húsinu.



*15. mynd. Borhola KN-02 er undir upptyppingnum.*

## HV-01 - Hafnarhólmur

Hola þessi er eða réttara sagt var á austurströnd Hveravíkur (Reykjavíkur) við Steingrímsfjörð í landi Hafnarhólms. Holan var boruð skammt austan við jarðhitasprunguna og rétt innar en þar sem sundlaugin sáluga var (16. mynd). Nú er búið að leggja nýjan og breiðan veg yfir megin hluta jarðhitans og þá hvarf holan undir veginn.



16. mynd. Hola HV-01 á Hafnarhólmi.

## **RV-01 - Hveravík**

Hola RV-01 var boruð í gamla veginn við botn Hveravíkur og í landi smábýlisins Hveravíkur (17. mynd). Töluvert mikið af heitu vatn kemur úr holunni og er Hveravíkurhúsið hita upp með því og þar er einnig stór heitur pottur. Frá holunni er stálrör og fellur töluvert af heitu vatni í sjávarlón ofan við nýja veginn.



*17. mynd. Borhola RV-01 í Hveravík.*

## **RVK-01 - Hveravík**

Neysluvatnshola skammt ofan við íbúðarhúsið í Hveravík. Yfir holuna hefur verið hvolft plastfiskkari. Í henni er dæla og og vatnið nýtt til neyslu. (18. mynd)



*18. mynd. Borhola RVK-01 er undir fiskkarinu. Húsið í Hveravík í baksýn.*

## LV-01 - Kleifar á Selströnd

Borhola þessi er beint upp af nýrra íbúðarhúsinu á Kleifum (19. mynd). Í henni er dæla og vatnið nýtt til neyslu.



*19. mynd. Borhola LV-01 á Kleifum á Selströnd. Íbúðarhúsið í baksýn.*

## LV-02 - Kleifar á Selströnd

Holan er skammt innan við holu LV-02 og inn og upp af nýrra íbúðarhúsinu (20. mynd). Holan er í góðu ástandi.




20. mynd. Borhola LV-02 á Kleifum í Steingrímsfirði. Íbúðarhúsið í baksýn.



### ***HE-01 - Hella***

Borhola HE-01 er í landi Hellu og er upp og utan við Skipatanga (21. mynd). Þar rétt fyrir innan er hjólhýsi sem notað er sem sumarbústaður. Holan er opin og ástand hennar ekki gott.



*21. mynd. Borhola HE-01 á Hellu. Skipatangi til vinstri en hjólhýsið til hægri.*

## HE-02 - Hella

Holan er innst á nesinu sem Hella er á. Hún er niður undir fjöru (22. mynd). Slanga hefur verið tengd við hana en holan er ekki til neins nýt.



*22. mynd. Borhola HE-02 á Hellu.*

## HE-03 - Hella

Hola þessi er efst á Skipatanga og við bátaskýli sem þar er (23. mynd). Í holunni er 6“ fóðurrör. Ekkert er frekar vitað um þessa borholu. Slanga er tengd við holuna en hún er ekki nýtt til neins.



23. mynd. Borhola HE-03 á Helli.

## DN-01 - Drangsnes

Borhola DN-01 er upp og inn af efra frystihúshorninu. Holan er í góðu ástandi. (24. mynd)



*24. mynd. Borhola DN-01 á Drangsnesi. Frystihúsið í baksýn.*

## DN-02 - Drangsnæs

Borhola DN-02 er fremst á bryggjunni neðan við frystihúsið á Drangsnæsi. Hún er notuð til sjótöku fyrir frystihúsið. Skipt hefur verið um fóðurrör í holunni einu sinni og hún hreinsuð upp. Dæla er niður í holunni. (25. mynd)



*25. mynd. Borhola DN-02 á Drangsnæsi. Frystihúsið í baksýn.*

### DN-03 - Drangsnes

Borhola DN-03 er inn við landamerkin milli Drangsness og Gautshamars. Hún er um 30-40 metra utan við Landamerkjálækinn og er um 10 metra ofan við þjóðveginn. Á holunni er hattur og hún er í þokkalegu ástandi. (26. mynd)



26. mynd. Borhola DN-03 á Drangsnesi. Í efra horninu vinstra megin sést í Landamerkjálæk sem skilur að Drangsnes og Gautshamar.

## DN-04 - Drangsnes

Borhola DN-04 er skammt innan við bókasafnið (innsta húsið í þorpinu). Holan er ofan við veginn og í brekkurótinni. Holan er að hverfa í lúpínubreiðu. Holan er farin að láta á sjá. (27. mynd)



*27. mynd. Borhola DN-04 á Drangsnesi.*

## DN-05 - Drangsnes

Borhola DN-05 er yst á ströndinni út undir Malarhorni. Holan er utan við allar verbúðarnefurna og upp undir hjallanum. Holan er farin að láta á sjá. (28. mynd)



*28. mynd. Borhola DN-05 á Drangsnesi. Horft inn eftir ströndinni.*



## DN-06 - Drangsnes

Borhola DN-06 er niður undan svonefndum Sæbólshvammi. Hún er á litlu nesi neðan vegar og við fjörुकampinn. Holan er í þokkalegu ástandi. (29. mynd)



29. mynd. Borhola DN-06 á Drangsnesi. Sæbólshvammur í baksýn.

## DN-07 - Drangsnæs

Borhola DN-07 er við aðalgötuna á Drangsnæsi. Hún er í syðri vegbrúninni og alveg við sjóvarnargarðinn. Hún er nokkru utar en skólinn. Járnplata er yfir holunni en nú er hún komin undir möl og sést ekki. Í holunni var heitt vatn sem notað var í hitaveituna fyrsta árið sem hún var rekin (veturinn 1997/98). Síðar var steipt upp í hana. (30. mynd)



30. mynd. Borhola DN-07 á Drangsnæsi. Horft inn fjörðinn.

## DN-08 - Drangsnes

Borhola DN-08 er við grjóthleðslu ofan og innan við heitu pottana í fjörunni neðan við skólann. Holan sést ekki en úr henni er slanga og heitu vatni veitt í pottana. (31. mynd)



31. mynd. Borhola DN-08 á Drangsnesi. Heitu pottarnir eru handan við grjóthleðsluna. Hoft í austur.

## DN-09 - Drangsnes

Borhola DN-09 er í svonefndri Básabrekku sem er innan við bæjarvörðuna á Fiskinesi. Holan er ofan vegar og sést afar illa. Hún er í þökkalegu ástandi. (32. mynd)



*32. mynd. Borhola DN-09 á Drangsnesi.*

## DN-10 - Drangsnes

Borhola DN-10 er innanvert við og nærri bæjarvörðunni á Fiskinesi. Holan er neðan vegar innst á planinu við vörðuna. Holan sést illa en er í þokkalegu standi. (33. mynd)



*33. mynd. Borhola DN-10 á Drangsnesi.*

## DN-11 -Drangsnes

Borhola DN-11 er í grasflóka skammt utan og ofan við húsið Sunnuhvol sem er undir hjallanum skammt utan við skólann. Holan sést illa en er í þokkalegu standi. (34. mynd)



*34. mynd. Borhola DN-11 á Drangsnesi. Sunnuhvoll er hvíta húsið til vinstri.*

## DN-12 - Drangsnes

Borhola DN-12 er ofan og innan við húsið Sunnuhvol. Hún er í brekkufætinum og sést fremur illa. Kalt vatn rennur úr holunni. Ástand holunnar er sæmilegt. (35 . mynd)



35. mynd. Borhola DN-12 á Drangsnesi.

## DN-13 - Drangsnes

Borhola DN-13 er skammt innan við holu DN-11 og er í brekkurótinni. Holan sést vel því hún lendir innan garðs sem er sleginn. Holan er farin að láta á sjá. (36. mynd)



*36. mynd. Borhola DN-13 á Drangsnesi.*



## DN-14 - Drangsnes

Borhola DN-14 er undir klettahjalla skammt vestur af efstu húsunum við Kvíabala. Holan sést ekki í dag en fannst með málmleitartæki. (37. mynd)



*37. mynd. Borhola DN-14 á Drangsnesi. Efstu húsin við Kvíabala í baksýn.*

## DN-15 - Drangsnes

Borhola DN-15 er austar en DN-14 og er undir austurhala á fyrrgreindum kletthajalla en innan og neðan við tjaldstæðið. Holan sést illa en er í þokkalegu ástandi. (38. mynd)



*38. mynd. Borhola DN-15 á Drangsnesi.*

## DN-16 - Drangsnes

Borhola DN-16 er skammt utan við heitu pottana í fjörunni niður af skólanum við aðalgötu þorpsins. Steyptur kjallari er utan um holuna og yfir henni er gallvaníseraður hlemmur - læstur. Þessi hola hefur verið notuð til að hita upp hús á Drangsnesi síðan sumarið 1998. Nýleg rennslismæling gefur til kynna að holan afkasti um 14 l/sek af 62°C heitu vatni. (39. mynd)



*39. mynd. Borhola DN-16 á Drangsnesi.*

## DN-17 - Drangsnes

Borhola DN-17 er vestan og niður af tjaldstæðinu upp af Kvíabala - hún er skammt neðan við lítinn bárujárnsskúr. Holan er nokkuð illa farin af mýrarrauðaútfellingum. (40. mynd)



*40. mynd. Borhola DN-17 á Drangsnesi. Bæjarfell í fjarska.*

## DN-18 - Drangsnes

Borhola DN-18 er vestan við lækinn sem kemur niður vestan við tjaldstæðið upp af Kvíabala. Holan sést illa en er í þökkalegu ástandi. (41. mynd)



41. mynd. Borhola DN-18 á Drangsnesi. Tjaldstæðið ofan við Kvíabala í baksýn til vinstri.

## DN-19 - Drangsnes

Borhola DN-19 er á svonefndu Efra-Berjaholti sem er vestur af smábýlinu Mýrum nyrst í Drangsneslandi. Holan er norðan við hesthús sem þar er. Stór steinn er skammt norðan við holuna. Holan er með plasthatti sem mun ekki duga lengi. (42. mynd)




*42. mynd. Borhola DN-19 á Drangsnesi.*

## DN-20 - Drangsnæs

Borhola DN-20 er skammt suður af holu DN-19 (25-30 m) og nær hesthúsinu. Holan er vestan í basaltgangi. Plasthattur er á holunni. (43. og 44. mynd)




*43. mynd. Borhola DN-20 á Drangsnæsi.*



44. mynd. Borhola DN-20 á Drangsnesi.







45. mynd. Staðsetning borholu KL-01 á Kleifum í Kaldbaksvík.




46. mynd. Staðsetning borholna í Reykjavík og á Ásmundarnesi.




48. mynd. Staðsetning borholna á Klúku, Svanshóli og Bakka.




49. mynd. Staðsetning borholna á Klúku.



50. mynd. Staðsetning borholna á Kaldrananesi.



51. mynd. Staðsetning borholna á Hafnarhólmi, Hveravík, Kleifum og Helli.



52. mynd. Staðsetning borholna á Drangsnæsi.

### Heimildir

*Haukur Jóhannesson 2010. Borholur í landi Drangsnæss. Íslenskar orkurannsóknir. Greinargerð ÍSOR-10009. 69 bls.*

*Haukur Jóhannesson 2011. Borun holna DN-19 og DN-20 á Drangsnæsi. Jarðfræðiþjónusta Hauks Jóhannessonar. Greinargerð JHJ-2011/003. 13 bls.*